

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 241/2020

frá 30. desember 2020

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálalþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1766 frá 25. nóvember 2020 um ákvörðun, til takmarkaðs tíma, á jafngildi reglurammans sem gildir um verðbréfamiðstöðvar í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 31bfh (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1229) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31bfí. **32020 D 1766**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1766 frá 25. nóvember 2020 um ákvörðun, til takmarkaðs tíma, á jafngildi reglurammans sem gildir um verðbréfamiðstöðvar í Sameinaða konungsríkinu Stóra-Bretlandi og Norður-Írlandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 (Stjtið. ESB L 397, 26.11.2020, bls. 26).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1766, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. desember 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 397, 26.11.2020, bls. 26.

* Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 30. desember 2020.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
formaður.*

Sabine Monauni

ÓOPINBER BÝÐING